

Fundargerð stjórnar Fíh

3. fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021 – 2022 miðvikudaginn 8. september 2021 kl. 15:00-16:00

Mættir:

Ásdís M. Finnbogadóttir, Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Til umræðu:

2. **Stefna Fíh til 2030, undirbúningur fyrir gerð aðgerðaáætlunar.**

Stjórn mun hefjast handa við gerð aðgerðaráætlunar tengt stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til ársins 2030. Stjórn mun koma fram með tillögur að aðgerðaráætlun á næsta fundi. Umræður.

Afgreiðsla: Samþykkt að stjórn vinni að aðgerðaráætlun.

3. **Komandi alþingiskosningar.**

Stjórn muna setja saman spurningar til frambjóðenda flestra flokka til komandi alþingiskosninga. Haldið verður sameiginlegur umræðufundur, *Heilbrigði 2025*, með BHM, Fíh og Læknafélagi Íslands 16. september og verður streymt. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn skilar inn spurningum til formanns fyrir 10. september 2021.

Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00
Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 29. september 2021.
Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.